



Viðtakandi: Bæjarráð Vestmannaeyja
Sendandi: Brynjar Ólafsson, framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs
Dagsetning: 27. nóvember 2024
Málsnr: 202211064

Efni: Minnisblað - Hásteinsvöllur - Gervigras

Inngangur

VSÓ ráðgjöf hefur séð um hönnun, verklýsingar og gerð útboðsgagna fyrir Vestmannaeyjabæ eins og þeir hafa gert fyrir fjölda annarra sveitarfélaga í gegnum tíðina. Hluti af þeirri vinnu snýr meðal annars að því að framkvæmdin uppfylli alla staðla og reglugerðir sem gilda hjá KSÍ til að Hásteinsvöllur fái keppnisleyfi.

Staðan á framkvæmdinni:

- Búið er að bjóða út jarðvinnu og lagnir. Framkvæmdir hafnar og er áætluð verklok við þennan verkþátt er fyrir 1. apríl.
- Búið er að bjóða út tæknirými fyrir stjórnbúnað vatnsúðarakerfis og flóðlýsingar. Framkvæmdaraðili í jarðvinnu er að undirbúa undirlag fyrir byggingu og er áætlað að framkvæmdir hefjist fljótlega og á þeim að vera lokið fyrir 1. maí.
- Búið er að opna útboð vegna fjaðurlags, gervigrass og niðurlagningu og verður lagt fyrir framkvæmda- og hafnarráðs til ákvörðunartöku á fundi í næstu viku. Áætlað er að framkvæmdir hefjist 1. apríl og verði lokið 1. maí.
- Áætlað er að bjóða út flóðlýsingu seinna á árinu 2025 og gert ráð fyrir að verklok séu á fyrsta ársfjórðungi 2026.

Í þessu minnisblaði er borinn saman raunkostnaður við rekstur á gervigrasvöllum (keppnisvöllum) á Íslandi við aðstæður í Vestmannaeyjum.

Rauntölur úr rekstri valla hjá sveitarfélögum

Óskað var eftir rekstrarkostnaði frá sveitarfélögum sem reka hitalagnir undir keppnisvöllum knattspyrnuliða. Gögn bárust frá Reykjanesbæ, Kópavogi og Reykjavík. Hér má sjá yfirlit á samanburði rekstrarkostnaðar í áður nefndum sveitarfélögum og síðan reiknað á taxa á heitu vatni í Vestmannaeyjum. Notkunartölur voru notaðar og kostnaður reiknaður miðað við núgildandi gjaldskrár Veitna og HS Veitna.

Rekstrarkostnaður			
	Kostnaður	Kostnaður á Hásteinsvelli	Rekstrarár
Keflavík	10,790,585	30,921,021	2024
Breiðablik	7,646,717	22,951,568	2023, 2024 meðaltal
Fylkir	7,700,602	23,113,305	2021, 2022, 2023, 2024 (okt-apr) meðaltal
Leiknir	9,009,665	27,042,449	okt 2021 - apríl 2022
ÍR	9,940,163	29,835,331	okt 2021 - apríl 2022



Víkingur	8,972,578	26,931,131	okt 2021 - apríl 2022
Fram	8,306,395	24,931,587	okt 2021 - apríl 2022
Þróttur	7,674,165	23,033,954	okt 2021 - apríl 2022
KR	11,436,724	34,327,249	okt 2021 - apríl 2022
Valur	8,930,615	26,805,180	okt 2021 - apríl 2022

Meðaltal 9,040,821 26,989,278

Taka þarf inn í samanburðinn að framrásarhitastig á Reykjanesinu og á Höfuðborgarsvæðinu er töluvert hærra en gengur og gerist í Vestmannaeyjum. Þær forsendur gera ráð fyrir að meira magn af vatni þurfi til að hita völlinn sem leiðir af sér enn hærra rekstrarkostnað í Vestmannaeyjum. Það er ekki innifalið í tölum hér að ofan. Af því leiðir að ekki hægt að gera ráð fyrir minni notkun í Vestmannaeyjum vegna veðuraðstæðna (hitastig).

Einnig er munur á hitaveitukerfum á milli svæða þar sem um lokað kerfi er að ræða í Vestmannaeyjum.

Hækkun hitaveitu- og raforkukostnaðar

Rekstrarkostnaður hefur hækkað stöðugt vegna hitaveitu og raforku síðustu ár. Síðan 2018 hefur hitaveituverð hækkað um tæp 62% og raforkuverð hefur hækkað um rúmlega 50%. Miðað við þessa þróun eru litlar sem engar líkur að rekstur á Hásteinsvelli með hitalögnum sé raunhæfur næstu árin. Í raforkuspá Landsnets er gert ráð fyrir orkuskorti næstu árin og horft er til þess að hækkun á raforku gæti numið allt að 25% á ári verði ekki gripið inn í.

Afskriftir á lögnum og fjaðurlagi

Ef af verður og hitalagnir verða lagðar undir þá er mikilvægt að vita að þær verða ekki tengdar við þær lausnir sem liggja fyrir í dag vegna óraunhæfs rekstrarkostnaðar. Því munu lagnir liggja undir vellinum án þess að vera tengdar við kerfi til að hita upp völlinn. Gera þarf ráð fyrir að lagnir afskrifist árlega og líftími styttest á þeim tíma þótt þær séu ekki í notkun. Endingartími á gervigrasi er á bilinu 7-10 ár og fer eftir notkun og er 15-20 ár fyrir fjaðurlagið. Ef ný laust í orkumálum er komin að loknum líftíma gervigrass er hægt að endurskoða hvort tilefni sé til að leggja hitalagnir undir en þá þarf að fjarlægja fjaðurlag og leggja nýtt yfir lagnirnar. Þá er líftími fjaðurlags um hálfnað og því ekki mikill viðbótarkostnaður við þá framkvæmd.

Áhrif á rekstrarkostnað sveitarfélagsins í samhengi við rekstur ÍPM

Hitaveitukostnaður á Íþróttamiðstöðinni var um 50 m.kr. fyrir árið 2024. Það er hitaveitukostnaður fyrir íþróttahús sem er 6659 m² að stærð, sundlaug og útisvæði sundlaugar. Rekstur á hitalögnum undir Hásteinsvelli í 6 mánuði (okt-apríl) eru því yfir 50% af rekstrarkostnaði fyrir alla íþróttamiðstöðina, sundlaug og útisvæði sundlaugar.

Samantekt:



20 milljónir króna framlag til fyrsta verkþáttar við hitun, sem er að leggja kistur og lagnir undir völlinn, mun ekki gera það að verkum að hægt verði að hita hann. Til að hægt sé að hita völlinn þarf að tengja hann kerfum HS veitna, en það er eina leiðin sem er í boði núna til hitunar. Kostnaður við það er a.m.k. 45 milljónir til viðbótar.

Raunrekstrarkostnaður á ári er að meðaltali 27 milljónir fyrir varmaorku sem þarf til að kynda völlinn hluta úr ári (okt.-apríl) eins og gert er á völlum á höfðuborgarsvæðinu.